



Sauðárkróki, 27. febrúar 2023

Tilvísun: 202201-0020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndarsvið@althingi.is

Efni: Athugasemdir lögreglustjórans á Norðurlandi vestra við frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu). Þingskjal 677 - 535. mál

Með tölvubréfi nefndarsviðs Alþingis hinn 13. febrúar sl. var embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra boðið að koma að athugasemdum við ofangreint lagafrumvarp og er bréf þetta ritað af því tilefni.

Embættið styður efni frumvarpsins og telur tímabært að heimildir lögreglu í þágu allsherjarumboðs lögreglu, sbr. 15.-18. gr. núgildandi laga nr. 90/1996, séu endurskoðaðar, en ákvæðin hafa staðið óbreytt frá gildistöku laganna frá 1. júlí 1997. Það er jafnframt mat embættisins að ganga hefði mátt lengra en gert er í frumvarpinu, sbr. 3. gr. þess, um heimildir í þágu skipulagðrar brotastarfsemi, að því leyti að heimildir þær sem lagðar eru til í 15. gr. b. frumvarpsins, um öflun persónuupplýsinga í þágu ætlaðra brota gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefðu enn fremur mátt taka til aðgerða í þágu skipulagðrar brotastarfsemi, sbr. 15. gr. a. frumvarpsins.

Að öðru leyti leyfir embættið sér að vísa til framlagðrar umsagnar Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarpið.

Virðingarfyllt,


Birgir Jónsson,
Lögreglustjóri á Norðurlandi vestra.